

# Sælkerabíll á ferð um Snæfellsnes



Dagana 15. - 16. mars síðastliðinn fór Sælkerabíllinn um Snæfellsnes, stútfullur af góðgæti og gersemum frá framleiðendum af Snæfellsnesi. 15. mars var bíllinn í Eyja- og Miklaholtshreppi og Staðarsveit.

Daginn eftir var ferðinni heitið á Hellissand, Ólafsvík, Grundarfjörð og dagurinn endaði svo í Stykkishólmi. Úr bílnum gátu Snæfellingar nálgast nautasteikur, kæfur, túlípána, te, ullarband, kaffibaunir, krem, kleinur og svo fjölmargt fleira en allar vörurnar eru framleiddar á svæðinu. Það er Sóknaráætlun Vesturlands sem styrkir þetta verkefni en Svæðisgarðurinn Snæfellsnes sér um framkvæmd þess. Fékk bíllinn frábærar viðtökur á öllum stöðum og eru góðar forsendur fyrir því að endurtaka leikinn aftur síðar samkvæmt forsvarsmönnum verkefnisins.



**Poppmessa í Ólafsvíkirkirkju**

Guðspjónusta á léttu nótunum. Hljómstveitin Parma ásamt kór kirkjunnar flytja okkur skemmtilega tónlist.

Miðvikudaginn 20. 03. kl. 20:00

**Velkomin öll og alltaf**

# Sóley saumar opnar verslun við Ólafsbraut

Nýbúðhefuropnað á Ólafsbraut 19, þar sem Smiðjan var áður til húsa. Sóley Jónsdóttir er eigandi verslunarinnar og verður rýmið líka vinnuástaða hennar. Sóley tekur að sér útsaum í rúmföt, húfur, peysur og derhúfur. Hún er einnig með laser skurðar vél, prentar grafík á hluti og selur allskonar tækifæringsgjafir sem hún gerir sjálf. Hún er með garn og aðrar vörur fyrir þrjón og hekl til sölu í búðinni líka. Formleg opnun búðarinnar fór fram föstudaginn 15. mars og fóru allir gestir í lukkupott. Sú heppna var Inga Jóna Guðlaugsdóttir en hún var dregin út og vann gjafabréf upp á Snæfellsjökul með Glacier Paradise. Mikill gestagangur var á opnuninni og fékk verslunin mjög góðar viðtökur. Sóley er þakklát fyrir alla sem komu á föstudaginn og telur að það sé mikil þörf fyrir svona verslun í bæjarfélagið miðað við þær góðu viðtökur sem hún fékk. Segist hún þakklát fyrir að fá að vinna við áhugamálið sitt og hvetur alla til



að kíkja við í Sóley Saumar enda er sjón sögu ríkari. Opnunartími verslunarinnar verður breytilegur til að byrja með en flesta virka daga verður opið frá 16-18. Opnunartíma verður einnig að finna á síðu Sóley Saumar á Facebook.

JJ

## Víkingar á siglingu í Lengjubikarnum

Mfl. Víkings heimsótti Árbæ í fjórðu umferð Lengjubikars karla, B-deild, riðli 3. Leikurinn fór fram í Reykjavík laugardaginn 16. mars.

Leikmenn Árbæjar skoruðu fyrsta markið á 11. mínútu en á 14. mínútu jafnaði Luis Romero Jorge fyrir Víkinga og liðsfélagi hans, Luke Williams, bætti öðru marki við á 33. mínútu, staðan því 2-1 fyrir Víkinga í hálfleik.

Í seinni hálfleik bætti Luke öðru marki sínu við á 64. mínútu og fjórða markið kom á 73. mínútu þegar Eypór Örn Eypórsson skoraði.

Árbær náði að minnka muninn

í tvö mörk sex mínútum síðar en leikurinn endaði 4-2, Víkingum í vil.

Víkingur er nú í öðru sæti riðilsins með 8 stig eftir tvo sigra og tvö jafntefli, fyrir ofan eru Þróttur V. með 10 stig, næsti leikur Víkings er gegn KV sem er á botni riðilsins og fer sá leikur fram á KR vellinum laugardaginn 23. mars.

Til að Víkingar eigi von um að komast upp úr riðlinum þurfa þeir að vinna sinn leik og Þróttur að tapa sínum, allt getur gerst og hvetjum við alla sem hafa tök á að mæta á völinn þann 23. mars og hvetja Víkinga.



## FERMINGARSKEYTI



Lionsklúbbur Ólafsvíkur mun í ár, eins og undanfarin ár, bjóða upp á fermingarskeyti.

Fermt verður í Ólafsvíkurkirkju 28. mars og verður hægt að nálgast skeytapöntunarblöð í Kassanum frá og með föstudeginum 22. mars.

Þar verður einnig hægt að skila skeytapöntunum.

Einnig er hægt að nálgast pöntunarblaðið á Facebook-síðu Lionsklúbbs Ólafsvíkur.



Blaðið er gefið út af Steinprent ehf. og liggur frammi í Snæfellsbæ og Grundarfirði.

Blaðið kemur út vikulega.

Upplag: 500

Áb.maður: Jóhannes Ólafsson

Prentun: Steinprent ehf.  
Sandholt 22a, Ólafsvík  
355 Snæfellsbæ

Netfang: steinprent@simnet.is

Sími: 436 1617



## Laus staða karlmanns í íþróttamannvirkjum

Snæfellsbær auglýsir eftir karlmanni til starfa í íþróttamannvirki Snæfellsbæjar.

Tilgangur og markmið í starfi er að veita viðskiptavinum, nemendum, iðkendum og öðrum hópum sem koma í íþróttamannvirki frábæra þjónustu í hreinu og snyrtilegu umhverfi þar sem áhersla er lögð á öryggi.

**Umsóknarfrestur er til 2. apríl 2024.** Um 100% framtíðarstarf er að ræða.

Frekari upplýsingar um hlutverk og hæfniskröfur er að finna á vefsíðu Snæfellsbæjar.

Upplýsingar veitir Kristfríður Rós Stefánsdóttir, íþróttá- og æskulýðsfulltrúi, í síma 433 - 9912 eða á netfanginu kristfridur@snb.is.

## Gleði og grín á Góugleði í Röst



Góugleðin utan Ennisvarhaldin síðastliðið laugardagskvöld, 16. mars, í Röstinni á Hellissandi. Fjöldmenni var á gleðinni, fólk á öllum aldri skemmti sér saman og fagnaði fimmta og næstsíðasta

mánuði vetrar samkvæmt gömlu íslensku tímatali. Sker veitingastaður sá um að elda ljúffengan mat ofan í mannskapinn áður en að nefndin tryllti lýðinn með skemmtiatriðum sem tóku á því

helsta úr bæjarfélaginu síðasta árið. Fáir sluppu óhultir að þessu sinni en líkt og nefndin hjá Góugleðinni er þekkt fyrir var fólki skemmt með bæði leik og söng.

Halldóra Unnarsdóttir og Katrín Hjartardóttir sáu um veislustjórn og eftir vel heppnað kvöld hélt hljóm sveitin Meginstreymi uppi stuðinu á dansgólfinu fram á nótt.

# Sinfóníuhljómsveit Íslands heimsótti Snæfellsnes

Fimmtudaginn 7. mars fóru fram stórtónleikar í Íþróttahúsinu í Stykkishólmi. Sannkölluð tónlistarveisla átti sér stað þegar Sinfóníuhljómsveit Íslands undir stjórn Evu Ollikainen hljómsveitarstjóra ásamt Steineyju Sigurðardóttir og yfir 100 kór-söngvurum komu saman. Kór-söngvararnir sem þarna leiddu saman hesta sína koma úr sjö kórur af Snæfellsnesi. Voru það Karlakórinn Heiðbjört, Karlakórinn Kári, Kirkjukór Grundarfjarðarkirkju, Kirkjukór Ólafsvíkurkirkju, Kirkjukór Ingjaldshólskirkju, Kór Stykkishólmskirkju og Kvennasveitin Skaði sem sungu þarna saman við undirleik Sinfóníuhljómsveitar Íslands.

Sinfóníuhljómsveitin flutti tvö lög, annað eftir Mozart og hitt eftir Beethoven. Steiney




Sigurðardóttir, sellóleikari, spilaði lag eftir Joseph Haydn

og kórarnir sjö sungu þrjú íslensk lög ásamt hljómsveitinni. Sungu þau Kvæðið um fuglana og Ave Maria auk lagsins Sofðu vært Ellen. Sofðu vært Ellen er barnagæla sem Egill Þórðarson orti fyrir ömmurnar, Valentínu Kay og Svanfríði Þórðardóttur,

systir sína, til að raula fyrir barnabarn þeirra. Lagið var spilað í Íþróttahúsinu í Stykkishólmi í nýrri útsetningu Valentínu Kay fyrir Sinfóníuhljómsveit Íslands og kórinn.

SJ





Á heimasíðu  
Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness  
**fasteignsnae.is**  
er að finna upplýsingar um allar eignir á  
skrá hjá Fasteigna- og skipasölu Snæfellsness.

**Pétur Kristinsson hdl.**  
löggitur- fasteigna- og skipasali sími 438-1199



**FISKMARKAÐUR  
ÍSLANDS**

Sími: 430 3700  
[www.fmis.is](http://www.fmis.is)



## Aðalfundur Björgunarsveitarinnar Lífsbjargar verður haldinn 28. apríl 2024 kl 20:00 í Björgunarstöðinni Von í Rífi



### Dagskrá:

1. Kosning fundarstjóra og fundarritara
2. Fundargerð síðasta aðalfundar lesin upp og borin undir atkvæði
3. Skýrsla stjórnar
4. Fjárhagsskýrsla gjaldkera
5. Umfjöllun um ársreikninga og þeir bornir undir atkvæði.
6. Skýrsla umsjónamanna Unglingadeildar Dreka Kaffihlé
7. Lagabreytingar
8. Kosning stjórnar
9. Kosning tveggja manna í svæðisstjórn
10. Kosning tveggja manna í hússtjórn
11. Önnur mál

**Fundurinn er æðsta vald björgunarsveitarinnar  
og því eru allir fullgildir félagar hvattir til að mæta.**

Þeir sem hafa áhuga á starfi björgunarsveita, langar til að fylgjast með  
og/eða ganga í sveitina eru hvattir til að mæta.

Fundurinn er öllum opin.

Heitt verður á könnunni.

# Gáfu saumavél í Smiðjuna

Undanfarið hefur Smiðjan, dagþjónusta fyrir fólk með skerta starfsgetu, verið að safna fyrir nýjum saumavélum eftir að gömlu vélarnar voru komnar til ára sinna eftir mikla vinnu. Mikil þróun hefur átt sér stað í daglegu starfi Smiðjunnar síðustu ár og eitt af því sem hefur aukist er eftirspurn á endurunnum varning. Eitt stærsta verkefni þeirra er saumavinna. Þá taka þau við tauefni úr samfélaginu og gefa því nýtt líf. Svuntur, fjölnotapokar, gjafapokar, tuskur, viskastykki, þvottapokar, hundadót og grjónapúðar er hluti af því sem þau eru að sauma í Smiðjunni en einnig hafa þau verið að taka við notuðu bómullarefni og rífa það niður í olíutuskur sem nýtist vel í allskonar iðnaði. Starfsemin er því fjölbreytt og í stöðugri þróun en til að halda áfram þessari þróun þarf að endurnýja saumavélarnar sem eru búnar að gefa upp öndina. Í byrjun árs biðlaði starfsfólk Smiðjunnar til samfélagsins um að styrkja þau til kaupa á einni til tveimur nýjum saumavélum til að styðja við framtíðarverkefni vinnustaðarins. Föstudaginn 8. mars mættu fulltrúar Kvenfélags Hellissands í Smiðjuna og afhentu starfsmönnum hennar nýja saumavél. Vilja starfsmenn og leiðbeinendur Smiðjunnar



senda Kvenfélagi Hellissands þakklætiskveðjur fyrir þessa veglegu gjöf og koma því á framfæri að stuðningur sem þessi sé ómetanlegur. Undanfarið hefur Smiðjan, dagþjónusta fyrir fólk með skerta starfsgetu, verið að safna fyrir nýjum saumavélum eftir að gömlu vélarnar voru komnar til ára sinna eftir mikla vinnu. Mikil þróun hefur átt sér stað í daglegu starfi Smiðjunnar síðustu ár og eitt af því sem hefur aukist er eftirspurn á endurunnum varning. Eitt stærsta verkefni þeirra er saumavinna. Þá taka þau við tauefni úr samfélaginu og gefa því nýtt líf. Svuntur, fjölnotapokar, gjafapokar, tuskur, viskastykki, þvottapokar, hundadót og grjónapúðar er hluti af því sem þau eru að sauma í Smiðjunni en einnig hafa þau verið að taka við notuðu bómullarefni og rífa það niður í olíutuskur sem nýtist vel í allskonar iðnaði. Starfsemin er því fjölbreytt og í stöðugri þróun en til að halda áfram þessari þróun þarf

senda Kvenfélagi Hellissands þakklætiskveðjur fyrir þessa veglegu gjöf og koma því á

framfæri að stuðningur sem þessi sé ómetanlegur.

SJ



## PÁSKABINGÓ

Mánudaginn 25. mars verður haldið páskabingó á Klifi kl. 17:15-18:15

Bingó spjaldið kostar 500kr en ekki verður posi á staðnum

Hlökkum til að sjá ykkur

Ungmennaráð  
Snæfellsbæjar  
og Ungmennafélag  
Víkingur/Reynir

# UMFG Íslandsmeistarar í blaki

Kvinnalið UMFG í blaki eru Íslandsmeistarar í 4. deild eftir fimmfaldan sigur um helgina. Um helgina fóru fram úrslit í Íslandsmeistaramóti kvenna í 4. deild en liðunum voru skipt upp í A og B úrslit eftir sæti þeirra í deildinni. Lið UMFG hefur verið taplaust í allan vetur og spilaði því í A úrslitum. Liðið spilaði 5 leiki um helgina, tapaði einni hrinu en vann alla leikina. Í heildina spiluðu þær 16 leiki í vetur, töpuðu tveimur hrinum en unnu alla leikina. Frammistaðan landaði þeim Íslandsmeistaratitlinum og munu þær færast upp um deild á næstu leiktíð.

JJ



**Við bjóðum upp á  
alhliða bílaviðgerðir,  
dekkjaskipti og smurþjónustu.**

Tímarpantanir í síma 436-1111

## Páskamót í sundi



Þriðjudaginn 19. marsvarhaldið árlegt Lions sundmót í Sundlaug Snæfellsbæjar fyrir öll þau börn sem æfa sund hjá UMF Víkingi Reyni. Voru 10 iðkendur í 2. til 7. bekk sem tóku þátt á mótinu og stóðu þau sig öll með þryði. Keppendur kepptu í skriðsundi, bringusundi og baksundi og hafa verið miklar framfarir í sundinu í vetur. Allir þátttakendur voru

leystir út með þáttökupening og páskaeggji að sundmótinu loknu en það voru Lionsklúbburinn Rán og Lionsklúbbur Ólafsvíkur sem gáfu þessum flottu sundgörpum vinningana. Ámyndinni eru stoltir krakkar eftir sundmótið ásamt Helgu Guðrínu Sigurðardóttir, sundþjálfara.

SJ



## AÐALFUNDUR

Félags eldri borgara í Snæfellsbæ verður haldinn  
miðvikudaginn 3. apríl 2024 kl. 14:00.  
á Klifi, Ólafsvík

Fundarefni:

Venjuleg aðalfundarstörf

Nýir félagar velkomnir  
Kaffiveitingar í boði félagsins að fundi loknum.

Stjórn Félags eldri borgara Snæfellsbæ

Skrifstofa prentsmiðjunnar Steinprent  
og umboðs Sjóvá á Snæfellsnesi  
verður lokuð til 5. apríl

Jökull kemur út 4. apríl

Þeir sem þurfa aðstoð eða upplýsingar  
vegna trygginga er bent á síma  
**440 2390 og 440 2000**



**SJÓVÁ**

## Ný stjórn Krabbameinsfélags Snæfellsness




Ný stjórn Krabbameinsfélags Snæfellsness var kosin á aðalfundi félagsins 11. mars sl. Ný stjórn félagsins samanstendur af Lísu Ásgeirsdóttur, Sigríði Guðbjörgu Arnardóttur, Eygló Kristjánsdóttur sem var kosin formaður, Svanborg Siggeirsdóttur, Sigurbjör Hjörleifsson og Mjöll Guðjónsdóttur. Guðrún Þórðardóttir var einnig kosin í stjórn en hún komst ekki á aðalfundinn og er því ekki á mynd. Guðrún Hrönn Hjartardóttir, Pétur Steinar Jóhannsson og Sólrún Guðjónsdóttir sátu í stjórn félagsins á síðasta starfsári en gáfu ekki kost á sér í áframhaldandi stjórnarsetu. Var þeim þakkað fyrir þeirra framlag til félagsins á fundinum og óskuðu þau nýrri stjórn velfarnaðar á nýju starfsári.

Krabbameinsfélag Snæfellsness er aðildarfélag Krabbameinsfélags Íslands og var stofnað árið 2005. Auk fjárstyrkja sem félagið útdeilir til krabbameinssjúkra hefur félagið staðið fyrir fræðslufundum um krabbamein og afleiðingar þess og skipulagt stuðningshópa.



Von er stuðningshópurinn í Grundarfirði og Líf í Snæfellsbæ. Á Facebook síðu félagsins má finna hvenær stuðningshóparnir hittast og hvað er á döfinni.

JJ

 Jökull Bæjarblað  
 [steinprent@simnet.is](mailto:steinprent@simnet.is)  
 436 1617



# Allt til strandveiða

## Handfærakrókar



Mikið úrval af handfærakrókum.  
Tvílitir, einlitir, sjálflysandi, m/spinner og plötukrókar.

## Girni



Thunderline girni  
1,1 mm  
1,4 mm  
1,7 mm



Mummi girni  
1,5 mm  
1,6 mm  
1,8 mm

## Sjófatnaður

Úrval af fatnaði  
frá Mar Wear



## Handfærasökkur



Handfærasökkur 2,5 kg  
Galvaníseraðar & Blý

## Kleinuhringir, teygjur og slóðar



## Sigurnaglar



Nikkel.  
Fjöldi stærða í  
boði



## Handfæravinda Oilwind

Öflug færeysk vinda  
á góðum kjörum.